

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1146**

2022/EES/72/86

frá 7. júní 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis og reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 38. gr., 182. gr. (1. og 4. mgr.) og 223. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/892 ⁽³⁾ eru settar reglur um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2393 ⁽⁴⁾, einkum að því er varðar aðstoð í aldin- og grænmetisgeiranum. Þessar breytingar á viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ættu því að endurspeglast í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892.
- 2) Uppfæra ætti framkvæmdarreglur um landsbundna fjárhagsaðstoð í aldin- og grænmetisgeiranum.
- 3) Mæla ætti nákvæmlega fyrir um framkvæmd hækkunar á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60% í aðildarríkjum þar sem samtök framleiðenda setja á markað innan við 20% af aldin- og grænmetisframleiðslu, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og einkum ætti að mæla fyrir um upplýsingar um útreikninginn á skipulagsstigi framleiðenda í aðildarríki, til að tryggja að umsóknir um aðstoð og sannpröfun á skilyrðunum fyrir hækkuninni séu framkvæmdar á samræmdan hátt í öllu Sambandinu.
- 4) Einnig ætti að gera skýra grein fyrir því að kynning á afurðunum sem krísuráðstöfun felur í sér að auka fjölbreytni og þetta markaði með aldin og grænmeti.
- 5) Einfalda ætti ákvæði sem varða ársskýrslur um samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, þ.m.t. fjölþjóðleg samtök, og hópa framleiðenda, og um aðgerðasjóði, aðgerðaáætlanir og viðurkenningaráætlanir. Þessar skýrslur ættu að gera framkvæmdastjórninni kleift að vakta geirann með fullnægjandi hætti.
- 6) Gera ætti skýra grein fyrir skilyrðum fyrir beitingu innflutningsgjaldanna sem um getur í 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 sem kunna að gilda um innflutning tiltekinna aldina og grænmetis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 208, 17.8.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Stjttð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/892 frá 13. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis (Stjttð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 57).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2393 frá 13. desember 2017 um breytingum á reglugerðum (ESB) nr. 1305/2013 um stuðning Dreifbýlisþróunar sjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun, (ESB) nr. 1306/2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, (ESB) nr. 1307/2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og (ESB) nr. 652/2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna (Stjttð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 15).

- 7) Ef félag samtaka framleiðenda eða fjölþjóðlegt félag samtaka framleiðenda framkvæmir aðgerðaáætlun ættu aðildarríkin að tryggja að komist sé hjá tvíþjármögnun og að viðeigandi eftirlit sé viðhaft að því er varðar ráðstafanir sem eru framkvæmdar á vettvangi félags samtaka framleiðenda, sem og á vettvangi aðila að samtökum framleiðenda, eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1306/2013.
- 8) Uppfæra ætti I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 til að einfalda A-hluta í ársskýrslum aðildarríkjanna, sameiginlega frammistöðuvísu og til að fjarlægja sameiginlegu vísana fyrir grunnástand.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 til samræmis við það.
- 10) Í 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er sett fram skuldbinding fyrir aðildarríkin um að tilkynna framkvæmdastjórninni um alla hækkun á mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. lið þess þáttar. Breyta ætti reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ⁽⁵⁾ til að kveða á um upplýsingar varðandi framlagningu aðildarríkjanna á þessum upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.
- 11) Þessi reglugerð ætti að gilda frá og með gildistökudegi reglugerðar (ESB) 2017/2393. Ákvæði sem varða skýrslugjöf ættu þó að gilda frá 1. janúar 2019 til að gefa aðildarríkjunum og hlutaðeigandi rekstraraðilunum nægan tíma til að koma breytingunum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, í framkvæmd. Sveigjanleikinn sem samtökum framleiðenda er veittur með nýju ráðstöfununum og aðgerðunum, sem koma til vegna umbreytingarákvæðanna, ætti að gilda afturvirktil til að hann falli saman við gildistökudag reglugerðar (ESB) 2017/2393 og til að breytingarnar í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 séu virtar.
- 12) Skilyrðin fyrir beitingu nýju ráðstafananna og aðgerðanna, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem hægt er að fá fjárhagsaðstoð frá Sambandinu fyrir ættu að gilda frá þeim degi þegar breytingarnar á þeirri reglugerð, sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 2017/2393, koma til framkvæmda, til að tryggja stöðugleika á markaðnum fyrir samtök framleiðenda og aðila þeirra, einkum þar sem þessar ráðstafanir varða aðallega krísustjórnun og forvarnir gegn krísuástandi og gera þeim kleift að njóta nýju ráðstafananna til fulls. Til að vernda lögmætar væntingar geta samtök framleiðenda valið að halda áfram með aðgerðaáætlanir sínar samkvæmt fyrri lagaramma eða að breyta aðgerðaáætlunum sínum til að njóta góðs af nýju ráðstöfununum og aðgerðunum sem hægt er að fá fjárhagsaðstoð frá Sambandinu fyrir, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/892 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 8. gr. a er bætt við:

„8. gr. a

Framkvæmd hækkunar á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60%

1. Hækkun á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60% vegna aðgerðaáætlunar eða hluta aðgerðaáætlunar viðurkenndra samtaka framleiðenda, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal veitt ef:

- a) skilyrðin, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eru uppfyllt á hverju ári sem aðgerðaáætlunin er í framkvæmd og farið er að málsmeðferð þeirri sem um getur í g-lið 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar,
- b) beiðni kemur frá viðurkenndum samtökum framleiðenda um leið og aðgerðaáætlun þeirra er lögð fram.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínrektarafurða, vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

2. Til að hækka megi mörk fjárhagsaðstoðar Sambandsins til aðgerðaáætlunar eða hluta hennar úr 50% í 60% skal reikna hlutfall samtaka framleiðenda í setningu aldina og grænmetis, sem um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, á markað fyrir hvert ár sem aðgerðaáætlunin stendur, sem hluta af framleiðsluverðmætinu sem samtök framleiðenda setja á markað í tilteknu aðildarríki, af heildarverðmæti framleiðslu á aldinum og grænmeti sem sett er á markað í því tiltekna aðildarríki á viðmiðunartímabilinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891.

Aðildarríki sem beita staðgönguáðferðinni, sem sett er fram í 3. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891, skulu þó reikna hlutfall setningar samtaka framleiðenda á aldinum og grænmeti, sem um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, á markað fyrir hvert ár sem aðgerðaáætlunin stendur, sem hluta af framleiðsluverðmætinu sem samtök framleiðenda setja á markað í tilteknu aðildarríki, af heildarverðmæti framleiðslu á aldinum og grænmeti sem sett er á markað í því tiltekna aðildarríki á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember á árinu á undan því ári þegar aðstoðin er samþykkt í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna samtökum framleiðenda, sem leggja fram beiðnina, um fjárhæð aðstoðarinnar sem er samþykkt, þ.m.t. hækkunina sem er veitt samkvæmt f-lið 3. mgr. 34. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, í síðasta lagi fyrir 15. desember á árinu á undan því ári þegar aðgerðaáætluninni er hrint af stað, eins og mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

4. Á hverju ári meðan aðgerðaáætlunin stendur yfir skulu aðildarríkin sannprófa að skilyrðin fyrir hækkuninni á mörkum fjárhagsaðstoðar Sambandsins úr 50% í 60%, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, séu uppfyllt.“

2) Ákvæðum a-liðar 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

„a) lýsingu á upphafsstöðu sem byggir á, ef við á, vísunum sem eru tilgreindir í töflu 4.1 í II. viðauka.“

3) Í stað 6. og 7. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Samtök framleiðenda skulu leggja fram umsókn um aðstoð varðandi aðgerðir sem eru framkvæmdar á vettvangi samtaka framleiðenda í því aðildarríki þar sem þau eru viðurkennd. Ef samtök framleiðenda eru aðilar að fjölþjóðlegu félagi samtaka framleiðenda skulu þau afhenda því aðildarríki þar sem hið fjölþjóðlega félag samtaka framleiðenda hefur höfuðstöðvar sínar afrit af umsókninni.

7. Fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda skulu leggja fram umsókn um aðstoð varðandi aðgerðir sem framkvæmdar eru á vettvangi fjölþjóðlega félagsins í því aðildarríki þar sem það félag hefur höfuðstöðvar sínar. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hætta á tvíþjármögnun.“

4) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja ákvæði um þau skilyrði sem þarf að uppfylla með kynningar- og samskiptaráðstöfunum, þ.m.t. aðgerðir og starfsemi sem miðar að því að auka fjölbreytni og styrkja markaði með aldin og grænmeti, hvort sem þær ráðstafanir varða forvarnir gegn krísuástandi eða krísustjórnun. Í þessum ákvæðum skal gera ráð fyrir skjótri beitingu ráðstafananna þegar þörf er á.

Meginmarkmiðið með þessum ráðstöfunum skal vera að efla samkeppnishæfni afurðanna sem samtök framleiðenda og félög þeirra setja á markað ef um er að ræða alvarlegar markaðsraskanir, tap á tiltrú neytenda eða önnur skyld vandamál.

Sértæku markmiðin með kynningar- og samskiptaráðstöfununum sem samtök framleiðenda og félög þeirra framkvæma skulu vera:

- a) að auka vitund um gæði landbúnaðarafurða sem eru framleiddar í Sambandinu og um háa gæðastaðla sem gilda um framleiðslu þeirra í Sambandinu,
- b) að auka samkeppnishæfni og neyslu landbúnaðarafurða og tiltekinna unninna afurða sem eru framleiddar í Sambandinu og auka vitund um gæði þeirra, bæði innan og utan Sambandsins,
- c) að auka vitund um gæðakerfi Sambandsins, bæði innan og utan þess,
- d) að auka markaðshlutdeild landbúnaðarafurða og tiltekinna unninna afurða sem eru framleiddar í Sambandinu, með áherslu á markaði í þriðju löndum sem hafa mestu vaxtarmöguleikana og
- e) að stuðla að endurheimt eðlilegra markaðsaðstæðna á markaði Sambandsins ef upp koma alvarlegar markaðsraskanir, tap á tiltrú neytenda eða önnur skyld vandamál.“

- 5) III. kafli fellur brott,
6) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

„21. gr.

Upplýsingar og ársskýrslur frá hópum framleiðenda, samtökum framleiðenda og félögum samtaka framleiðenda og ársskýrslur aðildarríkja

Að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis skulu hópar framleiðenda, sem komið er á fót skv. 125. gr. e í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, viðurkennd samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda og hópar framleiðenda láta í té allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð ársskýrslunnar sem um getur í b-lið 54. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/891. Uppbygging ársskýrslunnar er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að safna upplýsingum um fjölda aðila, umfang og verðmæti framleiðslu samtaka framleiðenda, sem sett er á markað, sem ekki hafa lagt fram aðgerðaáætlanir. Þess skal krafist að samtök og hópar framleiðenda, sem um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013, láti í té upplýsingar um fjölda aðila, umfang og verðmæti afurða sem settar eru á markað.“

- 7) Í stað 3. og 4. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríkið þar sem fjölþjóðlegt félag samtaka framleiðenda hefur aðalskrifstofu sína skal:

- a) bera heildarábyrgð á skipulagi eftirlits að því er varðar aðgerðir innan aðgerðaáætlunarinnar, sem eru framkvæmdar á vettvangi fjölþjóðlega félagsins, og aðgerðasjóði fjölþjóðlega félagsins og á beiðingu stjórnarsýsluviðurlaga þegar slíkt eftirlit leiðir í ljós að skuldbindingarnar hafa ekki verið uppfylltar og
- b) sjá til þess að eftirlit og greiðslur séu samræmd að því er varðar aðgerðir innan aðgerðaáætlunar fjölþjóðlega félagsins sem eru framkvæmdar utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins þar sem það hefur aðalskrifstofu sína.

4. Aðgerðir innan aðgerðaáætlanna skulu fylgja landsbundnum reglum og landsbundinni stefnuáætlun aðildarríkisins þar sem umsókn um aðstoð er lögð fram í samræmi við 6. og 7. mgr. 9. gr.

Ráðstafanir sem varða umhverfið og plöntuheilbrigði og forvarnir gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafanir skulu þó vera háðar reglum aðildarríkisins þar sem þær ráðstafanir og aðgerðir eru í raun framkvæmdar.“

- 8) Í stað 1. mgr. 39. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Leggja má viðbótarinnflutningsgjald, eins og um getur í 1. mgr. 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, á afurðirnar og á þeim tímabilum sem tilgreind eru í VII. viðauka við þessa reglugerð. Það viðbótarinnflutningsgjald skal gilda ef magn einhverra þeirra afurða sem eru settar í frjálsa dreifingu á einhverju þeirra gildistímabila sem sett eru fram í þeim viðauka fer yfir markmagnið fyrir þá afurð, nema ef ólíklegt er að innflutningurinn raski markaði Sambandsins eða ef áhrif viðbótarinnflutningsgjaldsins yrðu í ósamræmi við fyrirhugað markmið.“

- 9) Í stað I. og II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 606/2009

Eftirfarandi 12 gr. a er felld inn í reglugerð (EB) nr. 606/2009:

„12. gr. a

Tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja um að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls

1. Aðildarríki sem ákveða að notfæra sér möguleikann á að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, skv. 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni áður en þau samþykkja ákvörðunina. Í tilkynningunni skulu aðildarríkin tilgreina hlutföllin sem mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, hafa verið hækkuð um, svæðin og yrkin sem ákvörðunin á við um og leggja fram sannanir fyrir því að veðurfarskilyrði hafa verið einstaklega óhagstæð á viðkomandi svæðum.

2. Tilkynningin skal gerð í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183 (*) og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185 (**).

3. Framkvæmdastjórnin skal senda tilkynninguna til yfirvalda annarra aðildarríkja í gegnum upplýsingakerfið sem framkvæmdastjórnin kom á fót.

- (*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjútíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).
- (**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjútíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).“

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Ákvæði 5., 6. og 9. liðar 1. gr. skulu þó gilda frá 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Uppbygging og innihald landsbundinnar stefnuáætlunar um sjálfbærar aðgerðaáætlanir eins og um getur í 2. gr.

1. Tímalengd landsbundinnar stefnuáætlunar

Aðildarríkið skal tilgreina hana.

2. Greining á aðstæðum með tilliti til styrkleika og veikleika og möguleika á þróun, stefnuáætlun sem er valin til að takast á við þetta og rökstuðningur fyrir vali á forgangsatridum, eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2.1. Greining á aðstæðum

Lýsing á núverandi aðstæðum í aldin- og grænmetisgeiranum með tölulegum gögnum, með áherslu á styrkleika og veikleika, misræmi, þarfir og eyður og möguleika á þróun á grundvelli viðkomandi vísa sem eru settir fram í töflu 4.1 í II. viðauka. Lýsingin skal a.m.k. varða:

— afköst aldin- og grænmetisgeirans: styrkleikar og veikleikar geirans, samkeppnishæfni og möguleiki á þróun samtaka framleiðenda,

— umhverfisáhrifin (áhrif, álag og ávinningur) af aldin- og grænmetisframleiðslu, þ.m.t. helsta þróun.

2.2. Stefnuáætlunin sem er valin til að takast á við styrkleika og veikleika

Lýsing á helstu sviðunum þar sem reiknað er með að íhlutun skili mestum virðisauka:

— mikilvægi markmiðanna sem sett eru fyrir aðgerðaáætlanirnar, væntar niðurstöður og að hversu miklu leyti hægt er að ná þeim á raunhæfan hátt,

— innra samræmi áætlunarinnar, tilvist gagnkvæmt styrkjandi samspils og hugsanlegra árekstra eða mótsagna milli rekstrarmarkmiða hinna mismunandi aðgerða sem verða fyrir valinu,

— fyllid og samkvæmni aðgerðanna sem verða fyrir valinu við aðrar landsbundnar eða svæðisbundnar aðgerðir og við starfsemi sem nýtur stuðnings í gegnum sjóði Sambandsins, einkum dreifbýlisþróunar- og kynningaráætlanir,

— væntar niðurstöður og áhrif samanborið við grunnaðstæður og framlag þeirra til markmiða Sambandsins.

2.3. Áhrif af fyrri landsbundnum áætlunum (ef við á)

Lýsing á niðurstöðum og áhrifum aðgerðaáætlana sem hafa verið framkvæmdar nýlega.

3. Markmið aðgerðaáætlana og frammistöðuvísa eins og um getur í c-lið 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1308/2013

Lýsing á þeim tegundum aðgerða sem verða fyrir valinu til aðstoðar (ekki tæmandi listi), þeim markmiðum sem stefnt er að, sannprófanlegum takmörkum og vísam sem gerir kleift að meta árangurinn varðandi það að ná markmiðunum og varðandi skilvirkni og markvirkni.

3.1. Kröfur er varða allar eða nokkrar tegundir aðgerða

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar aðgerðirnar sem eru hluti af landsbundnu stefnuáætluninni og landsbundna rammanum séu sannprófanlegar og eftirlitshæfar. Ef matið sem fer fram á meðan á framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar stendur leiðir í ljós að kröfurnar um sannprófanarhæfni og eftirlitshæfi séu ekki uppfylltar skal viðkomandi aðgerðum breytt til samræmis við það eða þær felldar brott. Ef aðstoð er veitt á grundvelli staðlaðra fastagjalda eða gjaldskrár yfir einingaverð skulu aðildarríkin sjá til þess að viðeigandi útreikningur sé fullnægjandi og nákvæmur og fastsettur fyrir fram á grundvelli sanngjarns, hæfilegs og sannprófanlegs útreiknings. Aðgerðir í umhverfismálum skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Aðildarríkin skulu samþykkja verndarráðstafanir, ákvæði og eftirlit til að tryggja að aðgerðir sem verða fyrir valinu til aðstoðar njóti ekki einnig stuðnings eftir öðrum viðeigandi fjármögnunarleiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, einkum dreifbýlisþróunar- og kynningaráætlunum eða öðrum landsbundnum eða svæðisbundnum kerfum. Skilvirkar verndarráðstafanir sem eru til staðar skv. 6. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 til að vernda umhverfið fyrir hugsanlegu auknu álagi sem stafar af fjárfestingum sem njóta stuðnings í gegnum aðgerðaáætlanir, og hæfisviðmiðanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar, til að tryggja að við fjárfestingar á einstökum búum sem fá stuðning í aðgerðaáætlunum taki tillit til markmiðanna sem sett eru fram í 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í sjöundu aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála.

3.2. Sértekur upplýsingar sem krafist er um tegundir aðgerða sem er ætlað að ná fram markmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (fyllist einungis út fyrir þær tegundir aðgerða sem valdar eru).

3.2.1. Öflun fastafjármuna

- tegundir fjárfestinga sem teljast aðstoðarhæfar,
- aðrar tegundir öflunar sem eru aðstoðarhæfar, t.d. ótímabundin leiga, langtímaleiga,
- upplýsingar um skilyrði fyrir aðstoðarhæfi.

3.2.2. Aðrar aðgerðir

- lýsing á þeim tegundum aðgerða sem teljast aðstoðarhæfar,
- upplýsingar um skilyrði fyrir aðstoðarhæfi.

4. Tilnefning lögbærra yfirvalda og ábyrgra aðila

Tilnefning aðildarríkis á landsbundnu yfirvaldi sem ber ábyrgð á stjórnun, vöktun og mati á landsbundnu stefnuáætluninni.

5. Lýsing á vöktunar- og matskerfum

Frammistöðuvísarnir sem settir eru fram í landsbundnu stefnuáætluninni skulu samanstanda af vísunum sem kveðið er á um í 4. gr. og tilgreindir í töflu 4.1 í II. viðauka. Ef það er talið viðeigandi skal í landsbundnu stefnuáætluninni tilgreina viðbótarvísa sem endurspeglar landsbundnar eða svæðisbundnar þarfir, sérstök skilyrði og markmið landsbundnu aðgerðaáætlana.

5.1. Mat á aðgerðaáætlunum og kvöð um skýrslugjöf fyrir samtök framleiðenda eins og getur í d- og e-lið 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Lýsing á kröfum um vöktun og mat og málsmeðferðarreglum tengdum aðgerðaáætlunum, þ.m.t. kvöð um skýrslugjöf fyrir samtök framleiðenda.

5.2. Vöktun og mat á landsbundnu stefnuáætluninni

Lýsing á kröfum um vöktun og mat og málsmeðferðarreglum í tengslum við landsbundnu stefnuáætlunina.

II. VIÐAUKI

Ársskýrsla, A-hluti

UPPBYGGING ÁRSSKÝRSLUNNAR – A-HLUTI

Þessi eyðublöð mynda A-hluta ársskýrslunnar sem krafist er að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sendi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir 15. nóvember ár hvert á árinu á eftir almanaksárinu sem fellur undir skýrsluna.

Þessi eyðublöð byggja á skýrslugjafarkröfunum í b-lið 54. gr. og í V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/891 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar geira aldina og grænmetis og unninna aldina og grænmetis.

1. Stjórnsýsluupplýsingar

Tafla 1.1.	Breytingar á landslöggiöf sem eru samþykktar til að framkvæma ákvæði 3. þáttar II. kafla I. bóls og 1., 2. og 3. þáttar III. kafla II. bóls í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 (fyrir aldin- og grænmetisgeirann).
Tafla 1.2.	Breytingar sem varða landsbundnu stefnuáætlunina um sjálfbærar aðgerðaáætlanir sem gilda um aðgerðaáætlanir

2. Upplýsingar um samtök framleiðenda, fjölþjóðleg samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda, fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda og hópa framleiðenda

Tafla 2.1.	Samtök framleiðenda
Tafla 2.2.	Fjölþjóðleg samtök framleiðenda
Tafla 2.3.	Félög samtaka framleiðenda
Tafla 2.4.	Fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda
Tafla 2.5.	Hópar framleiðenda

3. Upplýsingar sem tengjast útgjöldum

Tafla 3.1.	Útgjöld í tengslum við samtök framleiðenda, fjölþjóðleg samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda og fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda
Tafla 3.2.	Heildarútgjöld vegna aðgerðaáætlana fyrir samtök framleiðenda, fjölþjóðleg samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda og fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda
Tafla 3.3.	Heildarútgjöld fyrir hópa framleiðenda
Tafla 3.4.	Afturköllun

4. Vöktun aðgerðaáætlana/viðurkenningaráætlana

Tafla 4.1.	Vísar að því er varðar samtök framleiðenda, fjölþjóðleg samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda og fjölþjóðleg félög samtaka framleiðenda
Tafla 4.2.	Vísar fyrir hópa framleiðenda

Skýringar**Skammstafanir**

Sameiginlegt markaðskerfi	CMO (<i>Common market organisation</i>)
Hópur framleiðenda	PG (<i>Producer group</i>)
Samtök framleiðenda	PO (<i>Producer organisation</i>)
Fjölþjóðleg samtök framleiðenda	TPO (<i>Transnational producer organisation</i>)
Félag samtaka framleiðenda	APO (<i>Association of producers organisation</i>)
Fjölþjóðlegt félag samtaka framleiðenda	TAPO (<i>Transnational association of producers organisation</i>)

Aðgerðasjóður	OF (<i>Operational fund</i>)
Aðgerðaáætlun	OP (<i>Operational programme</i>)
Verðmæti framleiðslu sem sett er á markað	VMP (<i>Value of marketed production</i>)
Aðildarríki	MS (<i>Member State</i>)

Landskóðar

Heiti lands (frummál)	Stuttheiti (íslenska)	Kóði
Belgique/België	Belgía	BE
България (*)	Búlgaría	BG
Česká republika	Tékkland	CZ
Danmark	Danmörk	DK
Deutschland	Þýskaland	DE
Eesti	Eistland	EE
Éire/Ireland	Írland	IE
Ελλάδα (*)	Grikkland	EL
España	Spánn	ES
France	Frakkland	FR
Italia	Ítalía	IT
Κύπρος (*)	Kýpur	CY
Latvija	Lettland	LV
Lietuva	Litáen	LT
Luxembourg	Lúxemborg	LU
Magyarország	Ungverjaland	HU
Malta	Malta	MT
Nederland	Holland	NL
Österreich	Austurríki	AT
Polska	Pólland	PL
Portugal	Portúgal	PT
Republika Hrvatska	Krótía	HR
România	Rúmenía	RO
Slovenija	Slóvenía	SI
Slovensko	Slóvakía	SK
Suomi/Finland	Finnland	FI
Sverige	Svíþjóð	SE
United Kingdom	Bretland	UK

(*) Umritun með latnesku lettri: България = Bulgaria; Ελλάδα = Elláda; Κύπρος = Kýpros.

Svæðiskóðar

Vlaams Gewest	BE2
Région Wallonne	BE3

Þau aðildarríki sem þykir betur eiga við að sundurliða eftir svæðum geta tilgreint viðkomandi svæði á forsiðu hvers þáttar og í upphafi hverrar töflu.

Kenninúmer (ID) fyrir samtök framleiðenda (PO), fjölþjóðleg samtök framleiðenda (TPO), félag samtaka framleiðenda (APO), fjölþjóðleg félag samtaka framleiðenda (TAPO) og hópa framleiðenda (PG)

Kenninúmer hvers samtaka framleiðenda (PO), fjölþjóðlegra samtaka framleiðenda (TPO), félaga samtaka framleiðenda (APO), fjölþjóðlegra félaga samtaka framleiðenda (TAPO) og hópa framleiðenda (PG) er EINKVÆMT. Ef viðurkenning samtaka framleiðenda, fjölþjóðlegra samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda, fjölþjóðlegra félaga samtaka framleiðenda og hópa framleiðenda er afturkölluð skal aldrei nota sama kenninúmer aftur.

Peningalegt verðmæti

Allt peningalegt verðmæti skal gefið upp í evrum, nema hjá þeim aðildarríkjum sem nota landsbundinn gjaldmiðil. Reitur með yfirskriftinni LANDSBUNDINN GJALDMIÐILL er EFST í hverri töflu.

Gjaldmiðill	
-------------	--

Í reitnum skal tilgreina kóða þess landsbundna gjaldmiðils sem er notaður.

	KÓÐI
Evra	EUR
Sterlingspund	GBP

Tengiliður fyrir samskipti

Aðildarríki:	<input type="text"/>	Ár:	<input type="text"/>
Svæði:	<input type="text"/>		

Samtök	Heiti	
	Póstfang	
Tengiliður 1	Kenninafn	
	Eiginnafn	
	Starfsheiti	
	Tölvupóstfang	
	Vinnusími	
	Símbréf (í vinnu)	
Tengiliður 2	Kenninafn	
	Eiginnafn	
	Starfsheiti	
	Tölvupóstfang	
	Vinnusími	
	Símbréf (í vinnu)	

Ársskýrsla – A-hluti

Aðildarríki:

Ár:

--

1. ÞÁTTUR

STJÓRNSÝSLUUPPLÝSINGAR

Tafla 1.1. **Breytingar á landslöggjöf sem eru samþykktar til að framkvæma ákvæði 3. þáttar II. kafla I. bóls í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 (fyrir aldin- og grænmetisgeirann)**

<i>Landslöggjöf</i>		
<i>Heiti</i>	<i>Birting í Stjórnartíðindum aðildarríkisins</i>	<i>Tengill</i>

Tafla 1.2. **Breytingar á landsbundinni stefnuáætlun um sjálfbærar aðgerðaáætlanir sem gilda um aðgerðaáætlanir**

